

Tillögur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins um breytingar á samþykktum sjóðsins lagðar fyrir ársfund 24. apríl 2013.

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með rauðu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með rauðu letri og ~~yfirstrikun~~.

Samþykktir Frjálsa lífeyrissjóðsins

9.15.

Greiði sjóðfélagi af hærri ~~mánaðarlaunum~~ árslaunum en 12 milljónum kr. til sjóðsins skal endurgreiða til frjálsrar séreignar sjóðfélagsins þann hluta iðgjalda hans sem greiddur hefur verið til framreiknings örorku- og makalífeyrstryggingar umfram viðmiðunarmörk, sbr. grein 11.3 og töflu T3. Endurgreiðslan skal fara fram fyrir lok júlí og miðast við innborguð iðgjöld vegna iðgjaldatímabila næstliðins árs. Framangreind viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers ~~mánaðar~~ árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2.

11.3.

Ef sjóðfélagi á rétt á framreiknuðum réttindum skal til viðbótar við áunnin réttindi reikna hvaða ellilífeyrisréttindi hann hefði áunnið sér frá orkutapi með greiðslu iðgjalds til 65 ára aldurs og bæta við áunninn örorkulífeyrisrétt. Við framreikning réttindaöflunar skal reikna með meðaltali innborgaðra iðgjalda til lágmarks-tryggingaverndar sem renna til tryggingadeildar næstu þriggja ára á undan því ári sem orkutap átti sér stað. Við útreikning á meðaltali skal þó ekki reikna með hærri iðgjöldum ~~í neinum mánuði~~ en greidd hefðu verið af 12 milljón kr. ~~mánaðarlaunum~~ árslaunum, sbr. grein 9.15. Viðmiðunarfjárhæð launa tekur breytingum í byrjun hvers ~~mánaðar~~ árs í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í janúar 2007, 266,2. Fullur örorkulífeyrir er greiddur m.v. 100% örorku en lífeyrisgreiðslur eru hlutfallslegar ef orkutapið er á bilinu 50% - 100%.

Rökstuðningur við gr. 9.15 og 11.3.

Um er að ræða breytingar á greinum 9.15 og 11.3 sem tengjast innbyrðis því í þeim er tilvísun í hvor aðra. Grein 11.3 fjallar um hvaða reglur gilda um framreikning á örorkulífeyri sjóðfélaga og hver eru þau hámarksíðgjöld sem notuð eru til að framreikna örorkulífeyri sjóðfélaga. Grein 9.15 kveður á um að ef sjóðfélagi greiði iðgjöld sem eru hærri en þau hámarksíðgjöld sem notuð eru til að framreikna örorkulífeyri sjóðfélaga þá fái hann endurgreidd iðgjöld úr tryggingadeild í frjálsa séreign sína.

Samkvæmt núverandi ákvæðum samþykktanna fá sjóðfélagar sem greiða í einhverjum mánuði lágmarksíðgjald af hærri mánaðarlaunum en 1,5 milljón kr.¹ endurgreiðslur á hluta iðgjalda úr tryggingadeild í frjálsa séreign þar sem að framreiknuð réttindi vegna örorkulífeyris miðast við að hámarki lágmarksíðgjöld af 1,5 millj. kr. mánaðarlaunum. Í ljósi þess að viðkomandi sjóðfélagar fá í raun ekki framreiknaða örorkutryggingavernd í samræmi við greidd iðgjöld í tryggingadeild þá fá þeir endurgreiðslur úr tryggingadeild í frjálsa séreign sína.

Rökin fyrir ákvæðinu er að verja almenna sjóðfélaga fyrir örorku sjóðfélaga, sem eru hálaunaðir, og myndu leiða til hárra örorkulífeyrisgreiðslna, auka verulega skuldbindingar sjóðsins og hafa neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu hans. Breytingartillagan felur í sér að þegar tekið er út hvort sjóðfélagi falli innan þess hóps sem fær endurgreiðslur úr tryggingadeild í frjálsa séreign verði miðað

við heildargreiðslur lágmarksiðgjalds sjóðfélaga allt árið en ekki við greiðslur hvers mánaðar fyrir sig. Þ.e., miðað verður við að greidd verði lágmarksiðgjöld af hærri árslaunum en 12 milljónum kr. til að fá endurgreiðslur úr tryggingadeild í frjálsa séreign. Þessi árslaunaviðmiðunarfjárhæð myndi uppfærast m.v. vísitölu neysluverðs frá árinu 2007 og væri því rúmar 18 milljónir kr. fyrir árið 2013. Með þessari breytingu væri komið í veg fyrir að sjóðfélagar, sem t.d. greiða iðgjöld einu sinni á ári fyrir allt almanaksárið og hafa að meðaltali yfir árið lægri laun en 1,5 milljón kr. á mánuði, falli í viðkomandi hóp sem fær endurgreiðslur.

¹Samkvæmt samþykktum er fjárhæðin 1 milljón kr. en hún uppfærist árlega m.v. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og var í byrjun árs 2013 rúmlega 1,5 milljón kr.